

Hagkerfi í leit að jafnvægi

Hagspá Landsbankans
2023–2026

17. október 2023




Helstu niðurstöður

- Hagvöxtur verður 3,1% í ár og 2,1% á næsta ári, samkvæmt spánni. Hann tekur hægt við sér árin á eftir og verður 2,3% árið 2025 og 2,6% árið 2026.
- Verðbólga hjaðnar smám saman en verður enn að meðaltali 5,3% á næsta ári og 4,3% árið 2025. Við búumst ekki við að verðbólga komist niður í markmið Seðlabankans á spátímanum.
- Stýrivextir hafa náð hámarki í bili, samkvæmt spánni, en fara ekki lækkandi fyrr en á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Við spáum því að þeir verði enn 4,25% í lok spátímabilsins.
- Horfur eru á að krónan styrkist á spátímabilinu, að evran fari úr því að kosta 144 krónur í lok þessa árs niður í 138 krónur í lok árs 2026.
- Við búumst við að einkaneysla aukist mun minna í ár og næstu ár en í fyrra eða um 2,0% í ár og um 1,9% á næsta ári. Einkaneyslan eykst svo smám saman meira með lækkandi vaxtastigi og auknum kaupmætti.
- Atvinnuleysi mjakast upp á við eftir því sem hægir á efnahagssumsvifum. Við spáum 3,2% atvinnuleysi í ár, 3,9% á næsta ári, 4,4% árið 2025 og 4,1% árið 2026.
- Kaupmáttur launa eykst aðeins örlítið í ár, um 0,6%, en meira á árunum á eftir, um 2,4% árið 2024 og 2,6% árið 2025.
- Vísitala íbúðaverðs verður að meðaltali 5,0% hærrí í ár en í fyrra, samkvæmt spánni, og hækkar um að meðaltali 2,0% á næsta ári. Markaðurinn kemst svo smám saman aftur á skrið þegar vaxtastigið fer lækkandi og við gerum ráð fyrir að íbúðaverð hækki um 6,1% árið 2025 og 7,4% árið 2026.
- Íbúðafjárfesting dregst áfram saman samkvæmt spánni, um 5% í ár og 3% á næsta ári, áður en hún tekur að aukast aftur árin á eftir.
- Spáin gerir ráð fyrir hægum vexti atvinnuvegafjárfestingar, að hún aukist um 3% í ár og um 3,4% á næsta ári.
- Útflutningur verður 6,8% meiri í ár en í fyrra, drifinn áfram af fjölgun ferðamanna í upphafi ársins, og eykst svo um 4,2% á næsta ári. Innflutningur eykst mun minna í ár en í fyrra, um 2,8% og 3,5% árið 2024.
- Við spáum því að 2,2 milljónir erlendra ferðamanna komi til landsins í ár. Þeim fjölgi svo lítillega næstu ár, verði 2,3 milljónir á næsta ári, 2,4 milljónir árið 2025 og 2,5 árið 2026.
- Eftir halla síðustu ára gerum við ráð fyrir lítillum viðskiptaafgangi öll ár spátímans og sjáum fram á aukinn afgang af þjónustuviðskiptum og aukinn halla af vöruviðskiptum.

Hægir verulega á hagvexti í ár og róleg tíð í kortunum


Hagvaxtarspá



- Eftir tvö ár af kröftugum hagvexti, drifnum áfram af snörpum viðsnúningi í ferðapjónustu og einkaneyslu eftir faraldurinn, spáum við því að verulega hægi á.
- Hagvöxtur mældist 5,8% á fyrri helmingi þessa árs, samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar. Við spáum mun hægari vexti á seinni helmingi ársins og að hagvöxtur verði 3,1% á árinu í heild.
- Við spáum því að hagkerfið verði áfram í hægum takti á næsta ári, þegar áhrifa aðhaldssamrar peningastefnu og aukins aðhalds í ríkisfjármálum tekur að gæta víðar í hagkerfinu. Hagvöxtur verði 2,1% á næsta ári og 2,3% árið 2025.
- Hagvaxtarspáin í ár er nær óbreytt frá síðustu spá sem var birt í apríl, lækkar aðeins um 0,1 prósentustig. Við spáum þó örlítið minni vexti einkaneyslu og samdrætti í íbúðafjárfestingu, en á móti vegur spá um meiri atvinnuvegafjárfestingu og minni innflutning.
- Samhliða gífurlegum fólksflutningum til landsins hefur hagvöxtur á mann mælst undir hagvexti síðustu fjórðunga og við teljum að hann verði áfram minni á næstu misserum.

Verðbólga kemst ekki í markmið á spátímabilinu


Verðbólgu- og stýrivaxtasþá




- Við spáum því að áhrif vaxtahækkana komi skýrar fram á næstu mánuðum, dragi úr spennu í þjóðarbúinu og þoki verðbólgu niður á við.
- Verðbólga kemst þó ekki niður í markmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu á spátímabilinu. Við teljum að verðbólga mælist enn 3,5% á fjórða ársfjórðungi 2026.
- Eftir fjórtán vaxtahækkunar í röð, sem lyftu stýrivöxtum úr 0,75% í 9,25%, ákvað peningastefnunefnd í byrjun október að halda vöxtum óbreyttum.
- Spáin gerir ekki ráð fyrir frekari vaxtahækkunum í bráð. Við teljum þó að vaxtastiginu verði viðhaldið fram á annan ársfjórðung næsta árs, fram yfir mesta þungann í kjaraviðræðum. Þá hefjist hægfara vaxtalækkunarferli.

Meiri hagvöxtur hér en almennt í þróuðum ríkjum – og meiri verðbólga

Hagvaxtarspá AGS



Verðbólguþspá AGS



- Hagvöxtur í heiminum verður 3% í ár og 2,9% á næsta ári, samkvæmt nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því fyrr í mánuðinum. Árin 2025 og 2026 er búist við hagvexti upp á 3,2%.
- Hagvöxtur í þróuðum ríkjum verður aðeins 1,5% á þessu ári og 1,4% á því næsta, samkvæmt spánni.
- Spá okkar um 2,1% hagvöxt hér á landi 2024 er hærri en AGS spáir í þróuðum ríkjum, en lægri en hagvaxtarspá sjóðsins fyrir nýmarkaðsríki sem gerir ráð fyrir 4% hagvexti í ár og á næsta ári.
- Sjóðurinn spáir því að verðbólga á heimsvísu hjaðni rólega næstu ár, úr 6,9% í ár í 5,8% á næsta ári, 4,6% árið 2025 og 4,2% árið 2026.
- Verðbólguþspá okkar, um 5,7% verðbólgu hér á landi á næsta ári, er svartsýnni en spá sjóðsins fyrir þróuð ríki, en bjartsýnni en verðbólguþspáin fyrir nýmarkaðsríki.

Yfirlit yfir þjóðhagsspá Hagfræðideildar Landsbankans

Landsframleiðsla og helstu undirliðir hennar	Í mö.kr.	Magnbreytingar frá fyrra ári (%)				
	2022	2022	2023	2024	2025	2026
Verg landsframleiðsla	3.797	7,2 (6,4)	3,1 (3,2)	2,1 (2,7)	2,3 (2,3)	2,6
Einkaneysla	1.962	8,5 (8,6)	2,0 (2,4)	1,9 (2,7)	2,3 (2,5)	3,0
Samneysla	994	2,2 (1,6)	1,7 (1,6)	1,9 (1,7)	1,4 (1,7)	1,3
Fjármunamyndun	846	7,6 (6,9)	0,2 (2,3)	1,3 (3,2)	1,8 (1,4)	2,7
Atvinnuvegafjárfesting	507	15,0 (15,2)	3,0 (2,5)	3,4 (2,6)	1,6 (1,4)	1,8
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	184	-6,2 (-6,3)	-5,0 (5,9)	-3,0 (5,1)	3,0 (1,0)	6,0
Fjárfesting hins opinbera	156	3,3 (-0,9)	-3,0 (-3,0)	-1,0 (3,0)	1,0 (2,0)	2,0
Þjóðarútgjöld alls	3.812	6,6 (6,4)	1,3 (1,9)	1,8 (2,6)	1,9 (2,1)	2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	1.769	22,3 (20,6)	6,8 (8,4)	4,2 (4,7)	3,6 (4,3)	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	1.784	19,9 (19,7)	2,8 (5,6)	3,5 (4,4)	2,9 (3,8)	3,2
Stýrivextir og verðbólga		2022	2023	2024	2025	2026
Meginvextir SÍ, 7 daga bundin innlán, lok árs, %		6,00 (6,00)	9,25 (8,50)	8,00 (6,50)	5,25 (5,00)	4,25
Verðbólga, ársmeðaltal, %		8,3 (8,3)	8,7 (8,4)	5,3 (6,2)	4,3 (4,7)	3,6
Gengi evru, lok árs		152 (152)	145 (146)	142 (143)	138 (140)	138
Fasteignaverð, ársmeðaltal, %		22,2 (22,2)	5,0 (4,8)	2,0 (1,0)	6,1 (2,9)	7,4
Vinumarkaður		2022	2023	2024	2025	2026
Vísitala launa, ársmeðaltal, %		8,3 (8,3)	9,4 (8,7)	7,9 (7,8)	7,0 (5,8)	6,1
Kaupmáttur launa, ársmeðaltal, %		0,0 (0,0)	0,6 (0,2)	2,4 (1,5)	2,6 (1,0)	2,4
Atvinnuleysi, ársmeðaltal, %		3,9 (3,9)	3,2 (3,6)	3,9 (3,6)	4,4 (3,6)	4,1
Viðskiptajöfnuður		2022	2023	2024	2025	2026
Fjöldi erlendra ferðamanna, þúsund manns		1.695 (1.695)	2.200 (2.100)	2.300 (2.300)	2.400 (2.500)	2.500
Vöru- og þjónustujöfnuður, %VLF		-0,4 (-0,7)	1,3 (0,2)	0,3 (0,2)	0,3 (0,3)	0,4
Viðskiptajöfnuður, %VLF		-2,0 (-1,5)	1,2 (-0,5)	0,2 (-0,5)	0,2 (-0,5)	0,3

Tölur innan sviga eru þjóðhagsspá Hagfræðideildar frá apríl 2023




Verðbólga, vextir og gengi


Verðbólgan enn yfir markmiði í lok spátímans

Verðbólga yfir markmiði út spátímabilið

Verðbólga eftir eðli og uppruna



Verðbólga




- Verðbólga mældist 8,0% í september, fjórum prósentustigum yfir 4% efri vikmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands. Verðbólgan hefur verið yfir efri vikmörkunum samfelld síðan í janúar 2021.
- Verðbólgan fór hæst í 10,2% í febrúar, en hefur lækkað um 2,5 prósentustig síðan. Um helmingur hjöðunarinnar síðan í febrúar skýrist af því að verulega hefur dregið úr framlagi húsnæðisverðs til ársverðbólgu. Framlag þjónustu hefur aukist undanfarið þótt verðbólgan hafi hjaðnað.
- Við spáum því að áhrif vaxtahækkana komi skýrar fram á næstu mánuðum, dragi úr spennu í þjóðarbúinu og þoki verðbólgu í átt að markmiði.
- Við búumst þó ekki við því að verðbólga komist niður fyrir efri vikmörkin fyrr en í upphafi árs 2026. Þá á Seðlabankinn enn verk að vinna við að koma henni niður í verðbólgumarkmiðið, 2,5%.

Til mikils að vinna að halda verðbólguvæntingum í skefjum

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguvæntingar




- Væntingar um verðbólgu í framtíðinni auka verðbólguþrýsting og torvelða peningastefnunni að ná böndum á verðbólgu. Þegar launafólk gerir ráð fyrir hækkandi verðlagi er það líklegra til að krefjast mikilla launahækkana í því skyni að verja kaupmáttinn. Að gefnum hærri launakostnaði eru fyrirtæki líklegri til að hækka verð á vörum og þjónustu og kröftug eftirspurn gerir þeim einnig betur kleift að velta kostnaðarhækkunum út í verðlag. Seðlabankanum er því mikið í mun að hemja verðbólguvæntingar.
- Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði gefur vísbendingu um væntingar. Það fór hæst í 5,9% til fimm ára og í 4,9% til tíu ára rétt eftir að Hagstofan birti febrúarmælingu vísitölu neysluverðs. Álagið hefur lækkað síðan, í 4,5% til fimm ára og 3,9% til tíu ára.
- Nýjasta könnun á væntingum markaðsaðila var gerð í byrjun ágúst. Verðbólguvæntingar til 5 ára stóðu í stað á milli kannana, en væntingar til 10 ára hækkuðu um 0,1 prósentustig.
- Nýjasta könnun á væntingum fyrirtækja og heimila fór fram um miðjan september. Væntingar beggja til 5 ára lækkuðu um prósentustig milli kannana.

Vaxtastigið náð hápunkti en lækkar ekki fyrr en líður á næsta ár

Stýrivextir



Verðbólgu- og stýrivaxtasþá



- Peningastefnunefnd ákvað á fundi sínum í byrjun október að halda stýrivöxtum óbreyttum, eftir fjórtán vaxtahækkunarferlið. Stýrivextir hafa hækkað um 8,5 prósentustig á tæplega tveimur og hálfu ári og standa í 9,25%.
- Þótt vaxtahækkunarferlið hafi verið bratt voru raunstýrivextir neikvæðir á meðan verðbólga fór úr 4% í 10%.
- Að svo stöddu sjáum við ekki ástæðu til að spá frekari vaxtahækkunum í bili. Í staðinn teljum við að nefndin stígi varlega til jarðar í vaxtalækkunum. Gangi verðbólguþáinn eftir gerum við ráð fyrir að vaxtalækkunarferlið hefjist á öðrum ársfjórðungi næsta árs og stýrivextir verði 8,00% í lok næsta árs.
- Óvissa í kringum verðbólgu- og vaxtaþróun felst ekki síst í því hver þróunin verður á vinnumarkaði næstu mánuði og hver niðurstaðan verður í komandi kjaraviðræðum.

Spáum því að krónan styrkist

Gengi evru



- Horfur eru á að krónan styrkist á spátímabilinu.
- Eftir nokkurn halla á viðskiptum við útlönd síðustu tvö ár stefnir í afgang í ár og út spátímabilið. Ferðaþjónustan hefur náð vopnum sínum eftir faraldurinn og eftir því sem dregur úr spennu í þjóðarbúinu, eins og spáin gerir ráð fyrir, ætti innflutningur að aukast hægar.
- Gera má ráð fyrir þó nokkrum vaxtamun við útlönd næstu ár sem hefur áhrif til styrkingar. Það verður dýrara fyrir innlenda aðila að sitja á gjaldeyri og innlend skuldabréf verða álitlegri kostur fyrir erlenda aðila þegar vaxtamunurinn eykst.
- Vaxtaálag á skuldabréfaútgáfu innlendra banka í erlendum gjaldmiðlum hefur lækkað verulega á síðustu mánuðum, eftir hækkun á síðasta ári og aftur í kjölfar gjaldþrota banka í Bandaríkjunum og Sviss. Það er nú komið aftur niður í svipað gildi og fyrir heimsfaraldurinn.
- Gengisspáin er háð mikilli óvissu um horfur í heimshagkerfinu, ekki síst nú í ljósi stríðsátaka. Að vanda má einnig búast við þó nokkrum gengissveiflum innan árs og jafnvel innan mánaða á spátímabilinu.




Heimili og vinnumarkaður

Vextir hægja á neyslu og smám saman
dregur úr spennu á vinnumarkaði

Minni kraftur í innlendri eftirspurn og hægir á vexti einkaneyslu


Einkaneysla

Ma.kr. á föstu verðlagi 2022



Einkaneysla


Breyting milli ára




- Aukið peningalegt aðhald hefur dregið þróttinn úr innlendri eftirspurn á síðustu mánuðum og einkaneysla jókst aðeins um hálf þúsund á milli ára á öðrum ársfjórðungi þessa árs.
- Krafturinn var mun meiri á fyrsta fjórðungi ársins þegar launahækkunir ýttu undir einkaneyslu, sem jókst þá um 4,6% milli ára. Áhrif vaxtahækkana virðast svo loks hafa vegið þyngra á öðrum ársfjórðungi, en einnig spilar inn í hversu verulega tók að hægja á þróun kaupmáttar um mitt síðasta ár. Á sama tíma hafa heimilin takmarkaðra svigrúm en áður til að leita í sjóði sem söfnuðust upp í faraldrinum.
- Við spáum því að þrálát verðbólga og hátt vaxtastig haldi áfram að halda aftur af einkaneyslu, þótt kaupmáttaraukning á seinni hluta þessa árs, og launahækkunir á því næsta, kunni að ýta aftur undir hana á fyrri hluta næsta árs.
- Við spáum 2,0% vexti einkaneyslu á þessu ári, 1,9% árið 2024 og 2,3% árið 2025. Árið 2026 gerum við ráð fyrir að einkaneyslan aukist aðeins meira, samhlíða lækkandi vöxtum, um 3,0%.

Samdráttur í kortaveltu og herra sparnaðarhlutfall

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis




Sparnaðarhlutfall heimila




- Kortavelta Íslendinga hefur dregist saman að raunvirði síðustu mánuði, sé hún borin saman við kortaveltu á sama tíma í fyrra. Kortaveltan erlendis hefur þó haldið áfram að aukast lítillega flesta síðustu mánuði, en það var hún sem átti stærstan þátt í því að drífa áfram hraðan vöxt kortaveltu eftir að faraldrinum linnði.
- Í takt við þetta hafa innlán heimila aukist og sá hluti ráðstöfunartekna sem fer í sparnað að meðaltali stækkaði milli fyrsta og annars ársfjórðungs, úr 6% í 8%. Það kann að vera merki um að vaxtahækkunar séu farnar að hvetja til sparnaðar í auknum mæli, en einnig má vera að almenningur haldi nú að sér höndunum og leggi frekar til hliðar vegna óvissu um verðbólgu- og vaxtahorfur. Hlutfallið mælist þó enn undir meðaltali árána 2015-2019.
- Að Covid-árunum undanskildum hafa utanlandsferðir Íslendinga yfir sumarmánuðina ekki verið færri síðan árið 2016.
- Hversu mjög hefur hægt á vexti innflutnings á neysluvörum á árinu er einnig til marks um minni vöxt einkaneyslu.

Lítill aukning í einkaneyslu þrátt fyrir gífurlega fólksfjölgun

Einkaneysla á mann




Fólksfjölgun




- Sú litla aukning sem varð í einkaneyslu á milli ára á öðrum ársfjórðungi skýrist mun frekar af fjölgun landsmanna heldur en því að hver og einn hafi aukið neyslu.
- Á meðan einkaneysla heildarinnar jókst um hálf tveimur prósent dróst einkaneysla á mann saman um 2,8%.
- Landsmönnum hefur aldrei fjölgað jafnhratt og á síðustu tveimur fjórðungum, um 3,6% á milli ára á fyrsta fjórðungi þessa árs og um 3,4% á öðrum. Fólksfjölgun hefur aldrei verið eins mikil á einu ári eins og í fyrra, þegar landsmönnum fjölgaði um 11.500 manns, eða 3,1%, og útlit er fyrir að hún verði enn meiri á þessu ári.
- Spenna á vinnumarkaði og eftirspurn eftir vinnuafli, ekki síst í greinum tengdum ferðaþjónustu og byggingariðnaði, hefur kallað á síaukinn aðflutning launafólks hingað til lands. Hvort fjölgunin verður áfram jafnmikil næstu ár veltur meðal annars á því hversu hratt slaknar á spennu á vinnumarkaði og dregur úr eftirspurn eftir launafólki.

Tæpur fjórðungur starfandi fólks eru innflytjendur

Innflytjendur sem hlutfall af öllum starfandi




Heildarvinnustundir




- Um 23% þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði eru innflytjendur, samkvæmt gögnum Hagstofunnar sem byggja á staðgreiðsluskrá. Hlutfallið hefur aldrei verið jafn hátt og um þessar mundir. Það fór hæst í rétt rúm 20% stuttu fyrir faraldur en hámarkið var um 14% árið 2007.
- Þeim sem starfa á íslenskum vinnumarkaði fjölgar í sífellu og hafa aldrei verið fleiri. Fjölgunin nam 5,5% milli ára á öðrum ársfjórðungi og heildarvinnustundum fjölgaði um 4,4%. Þeim hefur fjölgað áfram það sem af er þriðja ársfjórðungi, sem gefur fyrirheit um ágætis gang í hagkerfinu.
- Vegna fólksfjölgunar hefur heildarvinnustundum nú fjölgað milli ára níu ársfjórðunga í röð, þrátt fyrir að vinnutími hafi styst.

Vextir draga smám saman úr spennu á vinnumarkaði

Atvinnuleysi




Mat stjórnenda á framboði á vinnuafli




- Atvinnuleysi hefur dregist hratt saman frá því það náði hámarki í 12,6% í faraldrinum, og var komið niður í 2,8% í júlí. Minna atvinnuleysi skýrist ekki aðeins af því að fólki á atvinnuleysisráðum fækkar heldur einnig því að fólki á vinnumarkaði hefur fjölgað með aðkomu erlends vinnuafli. Ef flestir sem flytja til landsins ganga beint inn í störf eru hlutfallslega færri án vinnu.
- Þrátt fyrir aðflutninginn telja enn rúm 36% stjórnenda fyrirtækja skorta starfsfólk. Á síðustu mánuðum hefur þó slaknað verulega á spennu á vinnumarkaði og sá viðsnúningur orðið að stjórnendur sem telja framboðið nægjanlegt eru fleiri en þeir sem telja vanta starfsfólk.
- Við teljum að smám saman dragi hátt vaxtastig úr spennu á vinnumarkaði og atvinnuleysi mjakist upp á við, í takt við markmið peningastefnunnar um að draga úr framleiðsluspennu í hagkerfinu. Líklegt má þó telja að hluti þeirra sem missa vinnuna flytji úr landi og hafi aðeins ætlað sér að dvelja hér tímabundið til að starfa. Verði það raunin eykst atvinnuleysi minna en ella.
- Samkvæmt spánni verður atvinnuleysi að meðaltali 3,2% á árinu 2023, 3,9% árið 2024, 4,4% árið 2025 og 4,1% árið 2026.

Kaupmáttur eykst eftir stöðnun í fyrra

Launapróun og kaupmáttur



Kaupmáttur launa



- Í ágúst hafði launavísitalan hækkað um 10,8% á tólf mánuðum. Við spáum því að meðaltal vísitölunnar hækki um 9,4% milli áráanna 2022 og 2023. Svo mikil hefur hækkinin ekki verið síðan árið 2016.
- Þar til í júní í fyrra jókst kaupmáttur launa samfelld í rúm 12 ár, sé litið til ársbreytingar í hverjum mánuði. Með hækkanandi verðlagi hægði á vextinum og stöku mánuði rýrnaði kaupmáttur. Hann hefur þó farið aftur vaxandi frá því í maí, sem við teljum að hjálpi til við lítilsháttar einkaneysluaukningu þrátt fyrir hátt vaxtastig.
- Óvissa í spánni snýr einna helst að kjaraviðræðum í vetur. Spenna á vinnumarkaði bætir samningsstöðu launafólks á sama tíma og háar verðbólguvæntingar kynda undir launakröfur. Launapróunin veltur að hluta til á því hvort vaxtahækkanir verði farnar að segja til sín á vinnumarkaði í vetur og draga lítilllega úr launaprýstingi.
- Kaupmáttur stóð í stað á milli ára 2021 og 2022. Við spáum að hann aukist um 0,6% á þessu ári, 2,4% á næsta ári, 2,6% árið 2025 og 2,4% árið 2026.




Íbúðafjárfesting og íbúðaverð

Markaðurinn bíður eftir
vaxtalækkunum

Íbúðaverð tekur aftur við sér þegar vextir lækka


Íbúðaverð




- Áhrif vaxtahækkana hafa komið skýrast og hraðast fram á íbúðamarkaði og á rúmu ári hefur verðþróun á markaðnum gjörbreyst. Þrengri lánþegaskilyrði hafa hjálpað til við að hægja á markaðnum og sérstaklega torveldað nýjum kaupendum að komast inn á markaðinn.
- Árshækkun vísitölu íbúðaverðs náði hámarki í 25,5% í júlí í fyrra og mældist 2,0% í ágúst í ár. Síðustu 25 mánuði hafa undirritaðir kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu verið færri en í sama mánuði árið áður, sölutími hefur lengst og algengara er að íbúðir seljist undir ásettu verði.
- Aukin þörf á húsnæði vegna hraðrar fólksfjölgunar viðheldur þrýstingi á íbúðaverð, sem birtist til dæmis í 9,4% hækkun leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu á síðustu 12 mánuðum. Auk þess ýtir hlutdeildarlánaútspil stjórnvalda undir eftirspurn á markaðnum.
- Við gerum þó ekki ráð fyrir að íbúðaverð komist aftur á flug fyrr en skýr merki koma fram um yfirvofandi vaxtalækkunir. Við gerum ráð fyrir að vísitalan hækki að meðaltali um 5,0% á milli ára í ár, 2,0% á næsta ári, 6,1% árið 2025 og 7,4% árið 2026.

Spáum áframhaldandi samdrætti í íbúðafjárfestingu.....

Íbúðafjárfesting




Íbúðafjárfesting



- Verðþróun á íbúðamarkaði veltur að miklu leyti á því hversu vel gengur að tryggja að framboðið magn af íbúðum mæti eftirspurninni.
- HMS spáir því að í ár og á næstu tveimur árum rísi 15% færri fullbúnar íbúðir en á síðustu þremur árum. Færri ný byggingarverkefni bættust við milli tveggja nýjustu talninga HMS en áður, íbúðum á fyrstu byggingarstigum fækkar þó nokkuð á milli talninga og auk þess er algengara en áður að framvinda íbúða í byggingu standi í stað á milli talninga. Samkvæmt spá HMS verða nýjar fullbúnar íbúðir álíka margar í ár og í fyrra og svipaður taktur næstu tvö ár þar á eftir.
- Hærri fjármagnskostnaður þyngir róður fyrirtækja í íbúðauppbyggingu, ekki síst þegar langan tíma tekur að selja íbúðir og íbúðaverð er ekki á jafn hraðri uppleið og áður. Þá má nefna að skuldir byggingargeirans við viðskiptabankana hafa aukist um nærri 28% að raunvirði á 12 mánuðum.
- Við búumst við að áfram dragi úr íbúðafjárfestingu, um 5% í ár og 3% á næsta ári. Hún aukist svo samhliða vaxtalækkunum og aukinni eftirspurn, um 3% árið 2025 og 6% árið 2026.

...þótt hagvísar um byggingargeirann bendi í ólíkar áttir

VSK-velta í byggingariðnaði



Starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð



- Aðrir hagvísar en íbúðafjárfesting benda til mikilla umsvifa í byggingariðnaði. Helst ber að nefna síaukna veltu í byggingariðnaði samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og gífurlega fjölgun fólks sem starfar við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.
- Þessi ólíka þróun íbúðafjárfestingar annars vegar og veltu og starfsmannafjölda hins vegar kann að skýrast að einhverju leyti af krafti í uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og opinberum framkvæmdum. Eins og fjallað er um í nýjustu útgáfu *Fjármálastöðugleika* hafa ekki verið fleiri fermetrar atvinnuhúsnæðis í byggingu frá árslokum 2011 og atvinnuhúsnæði í byggingu mældist 5,5% af stofni atvinnuhúsnæðis í lok ágúst.
- Verðhækkanir á atvinnuhúsnæði síðustu mánuði hafa aukið hvata til uppbyggingar á þeim markaði, enda verðið enn hátt í samanburði við þróun byggingarkostnaðar.




Atvinnuvegafjárfesting

Hækkandi fjármagnskostnaður segir til
sín – lítilsháttar aukning næstu ár

Hægt hefur á vexti atvinnuvegafjárfestingar

Atvinnuvegafjárfesting




- Atvinnuvegafjárfesting jókst um 4% á milli ára á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og um 7,5% á öðrum ársfjórðungi. Atvinnuvegafjárfesting hefur því aukist um 5,8% á milli ára það sem af er ári.
- Almenn atvinnuvegafjárfesting er langstærsti liðurinn og sá sem gefur besta mynd af fjárfestingu í atvinnulífinu. Hún hefur verið nokkuð kröftug og aukist um 7,9% á milli ára það sem af er ári.
- Við gerum ráð fyrir að nokkuð hægi á vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar á seinni helmingi ársins, að hún aukist um rétt tæplega 5% í ár og minna á næsta ári.




Vísbendingar um að hægi á þótt stjórnendur séu bjartsýnni

Innflutningur fjárfestingarvara og almenn atvinnuvegafjárfesting




Væntingar stjórnenda til efnahagslífsins



- Innflutningur á fjárfestingavörum gefur vísbendingu um umfang fjárfestingar. Hann hefur aukist mun minna það sem af er ári en í fyrra. Í júlí og ágúst var innflutningurinn 3,5% minni en á sömu mánuðum í fyrra.
- Stjórnendur 400 stærstu fyrirtækjanna eru þó bjartsýnni á stöðuna í efnahagslífinu nú við upphaf þriðja ársfjórðungs en þeir voru fyrir síðustu tvo ársfjórðunga, miðað við niðurstöður úr síðustu væntingakönnun Gallup.
- Bæði mat á núverandi stöðu og væntingar um stöðuna eftir sex mánuði eru nálægt 100 sem þýðir að jafn margir svarendur eru neikvæðir og jákvæðir. Síðustu ársfjórðunga hafa fleiri verið neikvæðir.
- Þótt verðbólga hafi aukist í síðustu tveimur mælingum hefur hún hjaðnað nokkuð frá byrjun árs sem gæti ýtt undir bjartsýni. Á móti vegur viðvarandi hátt vaxtastig sem hækkar fjármagnskostnað og dregur úr eftirspurn.

Spáum því að atvinnuvegafjárfesting aukist lítillega öll árin

Atvinnuvegafjárfesting



- Atvinnuvegafjárfesting eykst hóflega í ár og næstu ár samkvæmt spánni, um 3,0% í ár, 3,4% á næsta ári og 1,6% árið 2025. Vöxturinn verður ekki mikill og skýrist meðal annars af grunnáhrifum vegna mikillar aukningar síðasta ár.
- Aukin fjárfesting á næsta ári skýrist af aukinni almennri atvinnuvegafjárfestingu, svo sem tengdri innviðauppbyggingu og landeldi, en einnig af áformum um fjárfestingu í orkufrekum iðnaði sem áætlað er að hefjist upp úr miðju næsta ári.
- Við gerum ráð fyrir að hækkandi fjármagnskostnaður og hár launakostnaður hægi á ganginum í efnahagslífinu og þar með atvinnuvegafjárfestingu. Þó vegur á móti tiltölulega lág skuldsetning og sterk eiginfjárstaða fyrirtækja. Einnig verður áfram uppgangur í ferðapjónustu og sterk króna ætti að ýta undir fjárfestingu frekar en hitt.






Utanríkisviðskipti

Ferðapjónustan hefur náð vopnum sínum – ferðamönnum fjölgar hægt næstu ár

Eðlilegri þróun útflutnings eftir að ferðapjónustan náði vopnum sínum


Út- og innflutningur



- Útflutningur hefur aukist hægar í ár en síðustu tvö ár, eftir gífurlegan viðsnúningsvöxt upp úr ládeyðu faraldursins.
- Hluttur ferðapjónustunnar í útflutningi dróst saman í faraldrinum en hefur náð fyrri styrk og gott betur. Ferðapjónusta hefur vegið þyngst í vexti útflutnings það sem af er ári, en þar spilar líka inn í að á fyrri hluta síðasta árs var ferðapjónustan enn að ná sér eftir faraldurinn.
- Vöruútflutningur hefur nánast staðið í stað á fyrri helmingi þessa árs sem skýrist helst af samdrætti í útflutningi á sjávarafurðum. Útflutningur á áli hefur aukist á móti.
- Annar vöru- og þjónustuútflutningur, þ.e. útflutningur á öðru en sjávarafurðum, stóriðju og ferðapjónustu, hefur einnig nánast staðið í stað það sem af er ári. Til að mynda var töluverður samdráttur í útflutningi á eldisfiski á fyrri hluta árs, þó eiga megi von á því að hann verði meiri á seinni hluta ársins.

Spáum því að útflutningur aukist um 6,8% á þessu ári


Útflutningur




- Við spáum því að útflutningur aukist um 6,8% á þessu ári og 4,2% á því næsta. Útflutningsvöxturinn í ár skýrist að langmestu leyti af vexti ferðapjónustunnar. Á næstu árum gerum við ráð fyrir að vöxtur ferðapjónustunnar verði hóflegri.
- Vöruútflutningur eykst mjög lítið í ár vegna nokkurs samdráttar í útfluttum sjávarafurðum. Þar vegur þyngst samdráttur í útflutningi á þorski og loðnu. Útflutningur á áli eykst lítillega í ár.
- Á næstu árum eru horfur á að útflutningur á sjávarafurðum aukist hægt og rólega, meðal annars vegna aukinna aflaheimilda á þorski.
- Við teljum að annar vöru- og þjónustuútflutningur, þ.e. útflutningur á öðru en sjávarafurðum, stóriðju og ferðapjónustu, haldi áfram að aukast næstu ár.
- Má þar nefna horfur á auknum útflutningi á eldisfiski, meðal annars í landeldi. Þá má einnig búast við auknum útflutningi tengdum hugverkaiðnaði og lyfjaiðnaði, þótt erfitt sé að taka fyllilega tillit til þess í spám.

Ferðapjónustan leiðir enn útflutningsvöxt

Erlendir ferðamenn



Erlendir ferðamenn eftir mánuðum




- Við spáum því að 2,2 milljónir ferðamanna komi til Íslands í gegnum Leifsstöð í ár. Gangi spáin eftir verða ferðamenn í ár álíka margir og árið 2017, sem er næst fjölmennasta ferðamannaárið hingað til.
- Í síðustu spá gerðum við ráð fyrir 2,1 milljón ferðamanna í ár, en fjöldi ferðamanna það sem af er ári hefur verið umfram spána.
- Við spáum svo hófstilltri fjölgun ferðamanna næstu ár, til dæmis vegna stækkunar á Keflavíkurflugvelli sem gæti aukið flugframboð til landsins. Fjölgunin verður ekkert í líkingu við fjölgunina í ár og í fyrra þar sem ferðapjónustan virðist hafa náð fullum bata eftir samdrátt Covid-áranna - raunar gott betur. Hugsast má að innviðir ferðapjónustu, svo sem gistirými, setji greininni skorður og eins getur haft áhrif hver efnahagsframvindan verður í löndunum í kringum okkur.
- Við spáum 2,3 milljónum ferðamanna árið 2024, 2,4 milljónum ferðamanna árið 2025 og 2,5 árið 2026.




Gistinóttum fjölgar og kortavelta eykst

Uppsafnaðar gistinætur erlendra ferðamanna




Kortavelta erlendra ferðamanna á föstu gengi



- Skráðar gistinætur hafa aldrei verið jafn margar á fyrstu átta mánuðum árs og nú. Fjöldi gistinátta er að mörgu leyti betri mælikvarði á ferðaþjónustu en fjöldi ferðamanna, enda segir fjöldi ferðamanna ekkert um það hversu lengi þeir dvelja á landinu.
- Gistinætur í ár eru að meðaltali fleiri en árin 2017 og 2018 þegar ferðamenn voru álíka margir og nú.
- Að meðaltali dvelur hver ferðamaður því lengur og því kemur ekki á óvart að kortavelta ferðamanna á föstu gengi hafi aukist. Á heildina litið hafa ferðamenn aldrei eytt jafn miklum pening á Íslandi og nú og það að kortaveltan aukist á föstu gengi þýðir að ferðamenn eyði meiri pening hér á landi í sínum gjaldmiðli en áður.
- Á móti kemur að hærri verðbólga hefur þau áhrif að magnaukning útfluttrar ferðaþjónustu verður minni en ella.

Útflutningur sjávarafurða dregst saman í ár, eykst aftur næsta ár


Úthlutaður þorskaflí eftir veiðitímabilum



- Það sem af er ári hefur útflutningur á sjávarafurðum á föstu verðlagi dregist töluvert saman frá því í fyrra. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst minni afli á bæði þorski og loðnu. Einnig hefur útflutningur á loðnu og loðnuafurðum verið minni en ætla hefði mátt miðað við aflamagn í byrjun árs.
- Aflaheimildir á þorski voru auknar um 1% fyrir veiðitímabilið sem hófst nú í byrjun september og ýsukvóti var aukinn um 23%. Aflaheimildir á þorski hafa dregist nokkuð saman síðustu ár, en útlit er fyrir að á næstu árum aukist þær aftur hægt og rólega.
- Mesta óvissan í tengslum við útflutning á sjávarafurðum snýr að loðnuafli næstu ár. Síðustu tvö ár voru aflaheimildir á loðnu töluverðar, en enginn upphafsráðgjöf var gefin fyrir næsta loðnutímabil og haustleiðangur Hafrannsóknastofnunar staðfesti þá ráðgjöf. Gera má ráð fyrir að farið verði í fleiri leiðangra en flest bendir til þess að lítið verði veitt af loðnu á næsta ári.

Innflutningur þróast í samræmi við aðrar hagstærðir

Innflutningur




- Innflutningur jókst verulega í fyrra og hitteðfyrra þegar hagkerfið rétti úr kútnum eftir faraldurinn. Innlend eftirspurn tók hratt við sér sem kallaði á stóraukinn innflutning á neyslu- og fjárfestingarvöru, auk þess sem gífurleg fjölgun ferðamanna kallaði á vöruinnflutning og þjónustuinnflutningur jókst vegna fjölgunar utanlandsferða Íslendinga.
- Nú hefur hægt verulega á og á fyrri helmingi þessa árs jókst innflutningur aðeins um 1,6%, vöruinnflutningur jókst um 0,4% en þjónustuinnflutningur um 4,3%.
- Í samræmi við spá okkar um að einkaneysla aukist aðeins lítið næstu ár, fjárfesting líka hóflega og ferðamönnum fjölgi hægar en síðustu ár, spáum við fremur litlum vexti í innflutningi árlega út spátímabilið.
- Við gerum ráð fyrir að innflutningur aukist um 2,8% á þessu ári og 3,5% á því næsta.




Afgangur af frumþáttatekjum skýrist af verri afkomu álvera

Frumþáttatekjur á ársgrundvelli



■ Annað
■ Vextir af verðbr. og annarri fjárf. í eigu erl. aðila
■ Hagnaður/tap erl. dótturfélaga í eigu innl. aðila
■ Hagnaður/tap innl. dótturfélaga í eigu erl. aðila
— Jöfnuður frumþáttatekna

Frumþáttatekjur eftir ársfjórðungum




■ Annað
■ Vextir af verðbr. og annarri fjárf. í eigu erl. aðila
■ Hagnaður/tap erl. dótturfélaga í eigu innl. aðila
■ Hagnaður/tap innl. dótturfélaga í eigu erl. aðila
— Jöfnuður frumþáttatekna

- Til frumþáttatekna teljast tekjur og greiðslur vegna fjárfestinga, svo sem vaxta- og arðgreiðslur.
- Hagnaður og tap innlendra dótturfélaga í erlendri eigu er sá undirliður frumþáttatekna sem hreyfist mest á milli ára. Hagnaður slíkra félaga kemur til frádráttar frumþáttatekna, en tap kemur til hækkunar.
- Stærstur hluti þessara félaga eru álfyrirtækin. Þau högnuðust þó nokkuð fyrstu þrjú ársfjórðunga síðasta árs þegar álverð hafði hækkað ríflega, en á fjórða ársfjórðungi snerist reksturinn úr hagnaði yfir í tap, sem kemur til hækkunar frumþáttatekna.
- Við búumst við um það bil 50 ma.kr. afgangi af frumþáttatekjum í ár og 40 ma.kr. afgangi út spátímabilið.
- Þáttatekjujöfnuður er að hluta til bókfærður hagnaður/tap eða reiknuð stærð. Honum þarf því ekki að fylgja greiðslufæði og hann hefur því ekki endilega áhrif á gjaldeyrisstreymi og gengi krónunnar.



Nettó útstreymi fjármagns úr landi milli einstaklinga

Rekstrarframlög




- Rekstrarframlög eiga að fanga beinar greiðslur milli innlendra og erlendra aðila. Til þeirra teljast meðal annars framlög milli einstaklinga sem hafa búsetu í sitthvoru landinu, framlög til þróunarmála og greiðslur milli landa í lífeyrissjóði. Í fyrra var 37 ma.kr. halli á rekstrarframlögum.
- Stærsti einstaki liður rekstrarframlaga eru peningasendingar milli einstaklinga í ólíkum löndum. Þær hafa aukist verulega samhliða fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi.
- Við gerum ráð fyrir að peningasendingar aukist á milli ára í ár, enda fjölgaði erlendum ríkisborgurum hér á landi um 5.500 á fyrri helmingi ársins. Eftir því sem dregur úr spennu á vinnumarkaði teljum við að dragi úr slíkum peningasendingum á árunum 2024-2026.
- Við búumst við að halli á rekstrarframlögum fari hæst í 51 ma.kr. í ár, lækki í um 46 ma.kr. árið 2024 og 44 ma.kr. árin 2025 og 2026.




Smávægilegur afgangur af viðskiptum við útlönd út spátímabilið

Inn- og útflutningur vöru og þjónustu




Viðskiptajöfnuður



- Viðskipti við útlönd eru samtala vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frumpáttatekna og rekstrarframlaga.
- Við sjáum fram á aukinn halla af vöruskiptajöfnuði, en að aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum vegi hann upp. Við gerum ráð fyrir smávægilegum afgangi af frumpáttatekjum og halla af rekstrarframlögum.
- Eftir tvö ár af halla í viðskiptum við útlönd gerum við ráð fyrir um 50 ma.kr. afgangi í ár og innan við 20 ma.kr. afgangi á árunum 2024-2026.

Raungengið stendur í stað á milli ára í ár en hækkar svo aftur

Raungengi



- Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag var um 10% lægra í fyrra en þegar það var hæst í síðustu uppsveiflu, árið 2017.
- Við búumst við að raungengið breytist lítið milli árána 2022 og 2023.
- Þar sem við spáum því bæði að verðbólga verði meiri hér á landi en í viðskiptalöndum okkar og að krónan styrkist næstu ár gerum við ráð fyrir að raungengið hækki aðeins.
- Alls gerum við ráð fyrir að raungengið hækki um 8% árið 2024, 4% árið 2025 og 2% árið 2026.
- Gangi spáin eftir verður raungengi árið 2026 mjög svipað og það var árið 2017.

Ál, olía og sjávarafurðir hækka í verði á milli ára 2023 og 2024

Við gerum ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu verði að meðaltali um 100 USD/fatið (+17% milli ára) á næsta ári, verð á áli verði um 2.475 USD/tonn (+3% milli ára) og að verð á sjávarafurðum hækki um 2,7% milli ára.


Heimsmarkaðsverð á olíu



Heimsmarkaðsverð á áli



Verðvísitala sjávarafurða





Fjármál hins opinbera

Aðhaldsaðgerðir hamla opinberum framkvæmdum en samneyslan eykst áfram lítillega

Hægir á vexti samneyslu á næstu árum

Samneysla




- Hluttur samneyslu rauk upp í 27,8% í faraldrinum þegar landsframleiðsla dróst saman á sama tíma og samneysluútgjöld jukust um 4,5%. Hlutfallið hefur smám saman farið lækkandi. Við búumst við að það haldist nokkuð stöðugt á næstu árum, þegar samneyslan eykst á svipuðum hraða og landsframleiðsla.
- Aðhaldsaðgerðir koma jafnan frekar fram í opinberum fjárfestingum en samneysla þar sem erfiðara er að halda aftur af auknum útgjöldum í samneyslu. Búast má við að fólksfjölgun auki þörf á opinberri þjónustu og þar með samneysluútgjöldum, auk þess sem kjarasamningsbundnar launahækkunar á opinbera markaðnum kalla á aukin útgjöld.
- Við spáum því að samneysla aukist um 1,7% í ár, 1,9% á næsta ári, 1,4% árið 2025 og 1,3% árið 2026 þegar hægt hefur á launahækkunum og aðflutningi til landsins. Samneysla sem hlutfall af landsframleiðslu helst nokkuð stöðug í kringum 26%.

Opinber fjárfesting dregst saman í ár og á næsta ári

Opinber fjárfesting


Ma.kr. á verðlagi 2022



- Við búumst við samdrætti í opinberri fjárfestingu í ár og á næsta ári. Aðhaldsaðgerðir hins opinbera koma frekar fram í minnkaðri fjárfestingu en samneyslu og ríkisstjórnin hefur boðað að fyrirhuguðum fjárfestingarverkefnum verði frestað til að slá á þenslu.
- Þó eru takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að draga saman seglin á stuttum tíma, enda eru umfangsmikil verkefni nú þegar í vinnslu sem þarf að klára, ekki síst bygging nýs Landspítala. Búist er við að aukinn þungi færist í fjárfestingu tengdum honum á síðari byggingarstigum. Auk þess er ýmislegt í farvatninu, svo sem fjárfesting í vegum, samgöngum og samgöngumannvirkjum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.
- Við reiknum með að opinber fjárfesting dragist saman um 3% í ár frá síðasta ári, bæði vegna frestunar á verkefnum og grunnáhrifa. Hún minnki um 1% milli ára árið 2024, en aukist svo á ný samfara lækkandi vaxtastigi, um 1% árið 2025 og um 2% árið 2026. Hlutfall opinberrar fjárfestingar í landsframleiðslu lækkar lítillega á spátímanum.

Skuldastaða ríkissjóðs batnar hægt

Skuldir ríkissjóðs



- Skuldastaða ríkissjóðs hefur ekki versnað jafn mikið og búist var við í upphafi heimsfaraldursins, en haustið 2020 var því spáð að skuldahlutfallið, skuldir sem hlutfall af VLF, yrði 50% undir lok árs 2023.
- Árið 2019 náði skuldahlutfallið lágmarki í 22% eftir að unnið hafði verið á skuldum eftir fjármálakreppuna. Í faraldrinum þurfti ríkissjóður að taka á sig ófyrirséðar byrðar og við það jókst halli ríkissjóðs verulega og skuldahlutfallið fór upp í 30% árið 2020 og 33% árið 2021.
- Skuldastaðan skiptir meira máli eftir því sem fjármögnunarkostnaður er hærri og því er til mikils að vinna að draga úr opinberum skuldum.
- Nú er búist við að hlutfallið verði 32% í ár og lækki niður í 31% á næsta ári.
- Horfurnar byggja á forsendu um að áfram verði haldið með sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, jöfnum skrefum á næsta ári og á árinu 2025.

Fyrirvari

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.